

Elfa Hlín Pétursdóttir
Ársskýrsla Minjasafns
Austurlands 2004



Elfa Hlín Pétursdóttir

Ársskýrsla Minjasafns
Austurlands

2004

Forsíðuna prýðir mynd af jólatré upp á gamla mátann.

© Elfa Hlín Pétursdóttir 2005
Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2004
Skýrslur Minjasafns Austurlands XVI
ISBN 9979-9576-4-6

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	4
OPNUNARTÍMI SAFNSINS.....	4
STARFSMANNAHALD	4
HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR.....	5
LIFANDI VETRARSTARFSEMI	5
<i>SAFNAKENNSLA.....</i>	<i>5</i>
<i>BÓKAVAKA OG JÓLAGLEÐI</i>	<i>6</i>
LIFANDI SUMARSTARFSEMI	7
<i>SUMAROPNUN.....</i>	<i>7</i>
<i>ÞJÓÐHÁTTADAGAR.....</i>	<i>7</i>
<i>NÁMSKEIÐSHALD</i>	<i>8</i>
<i>17. JÚNÍ.....</i>	<i>8</i>
<i>SÝNINGAR.....</i>	<i>8</i>
<i>SAFNADAGURINN.....</i>	<i>9</i>
<i>AUSTURLAND 2004.....</i>	<i>9</i>
<i>ÞJÓÐAHÁTÍÐ AUSTFIRÐINGA 2004</i>	<i>9</i>
ÝMIS STARFSEMI	10
<i>KJARVALSHVAMMUR.....</i>	<i>10</i>
<i>FARSKÓLI SAFNAMANNA.....</i>	<i>10</i>
<i>GEIRSSTAÐAKIRKJA.....</i>	<i>10</i>
<i>HEIMSÓKNIR.....</i>	<i>11</i>
<i>ÞÓRISÁRKUMLIÐ.....</i>	<i>11</i>
<i>SAMSTARF SAFNA Á AUSTURLANDI</i>	<i>13</i>
<i>MÍÐLUN.....</i>	<i>13</i>
FORNLEIFAUPPGRÖFTUR Í FLÓRENS	14
FORNLEIFARANNSÓKN	17
GESTAFJÖLDI	19
STJÓRNARSTÖRF	19
SAFNAUKI	19
INNLÁN – ÚTLÁN.....	20
STYRKIR	20
LOKAORÐ	21

INNGANGUR

Söfn gegna veigamiklu hlutverki í samfélaginu, hlutverki sem er síbreytilegt og háð tímans ranni. Starfsfólk Minjasafns Austurlands hefur lagt sig fram um að skilgreina það hlutverk og sinna því eins og kostur er. Samkvæmt nýlegum safnalögum skal Minjasafnið safna heimildum um manninn og umhverfi hans, varðveita þær, miðla og sýna, bæði til rannsókna, fróðleiks og skemmtunar. Ljóst er að aðeins lítill hluti starfsins er sýnilegur almenningi í sýningum og hvers kyns uppákomum. Söfnun muna, skráning og varðveisla þeirra er tímafrek og vandasöm. Safnfræðsla er stöðugt í þróun og mikið verk þar óunnið. Markaðsmál og ferðaþjónusta er líka hluti af starfi safnsins. Óhjákvæmilegt er að mismikil áhersla sé lögð á þessa ólíku þætti frá ári til árs. Árið 2004 einkenndist öðru fremur af samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum, ferð safnstjóra til Flórens og áframhaldandi vinnu við uppfærslu munaskrárinnar í Sarp.


OPNUNARTÍMI SAFNSINS

Minjasafn Austurlands var opið til sýninga frá 13.00-17.00 alla virka daga yfir vetrartímann, auk þess sem skrifstofa safnsins og móttaka gripa voru opin á hefðbundnum skrifstofutíma. Yfir sumartímann voru sýningar safnsins opnar á milli kl. 11.00 og 17.00 alla daga vikunnar. Kaffisalan og krambúðin voru opnar á opnunartíma sýningarsalar. Síðasti opnunardagur sumarsins var 31. ágúst.

STARFSMANNAHALD

Safnstjóri, Rannveig Þórhallsdóttir, var í 100% starfi við fjármálastjórnun, starfsmannahald, sýninga- og auglýsingagerð og skipulagningu safnkennslu. Anna Valgerður Hjaltadóttir hóf störf sem safnvörður við skráningu og frágang safngripa þann 5. janúar í 50% stöðu. Lára Guðlaug Jónasdóttir var ráðin fjórða sumarið í röð í 86,5% starf, en hennar starfsvið var móttaka gesta, uppgjör á kassa, skráning safnmuna og ýmis sérverkefni. Katla Rut Pétursdóttir vann aðra hverja helgi yfir sumarið við móttöku safngesta. Einnig var Birgir Björgvinsson ráðinn í 50% starf fyrstu þrjá mánuði ársins og sinnti hann forvörslu, hreinsun og viðgerðum á safngripum. Unnur Sveinsdóttir var í sérverkefni sem fólst í viðhaldi muna úr eigu Guttorms Pálssonar. Björk Gunnlaugsdóttir var í afleysingum yfir sumarið og hljóp í skarðið fyrir Önnu Gerði þegar þörf var á. Elfa Hlín Pétursdóttir vann á síðustu mánuðum ársins við að undirbúa færslu munaskrár safnsins úr File Maker yfir í Sarp.

HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR



Sú breyting varð á árinu að um rekstur Safnahússins á Egilsstöðum var gerður samningur við Austur-Hérað um að taka að sér rekstur og viðhald Safnahússins. Samningur um þetta var undirritaður 26. maí 2004. Við það færðist bókhald og umsýsla vegna rekstrar fasteignarinnar yfir á Austur-Hérað. Rekstrarkostnaður var nokkuð hærri en fyrra ár og má rekja það að mestu leyti til viðhaldskostnaðar við hitakerfi hússins.

LIFANDI VETRARSTARFSEMI

SAFNAKENNSLA

Heildarfjöldi nemenda sem heimsóttu safnið við verkefna- eða vettvangsvinnu voru 252 og samstarf við skóla á svæðinu var með ágætum. Aðallega voru þetta grunnskólahópar en þó ekki eingöngu. Ávallt er mjög ánægjulegt að fá skólahópa í heimsókn, á hvaða aldri sem þeir eru.

Nemendur í áfanganum Saga Austurlands (saga 383 við ME) unnu mjög skemmtilegt verkefni á vorönn sem fól í sér að þau völdu sér gripi á safninu og rannsökuðu þá, gerð þeirra og sögu. Þessi vinna útheimti tíðar heimsóknir á safnið og var oft mjög líflegt á meðan þessu stóð.

Afrakstri vinnunar skiluðu þau annarsvegar í ítarlegum ritgerðum en einnig var gefinn út bæklingurinn *Frá innsiglium til framblaðnings* sem í eru litlar greinagerðir unnar upp úr ritgerðum nemenda. Þessi samvinna safnsins og



Nemendur og kennarar ME að störfum í sýningarsal.

skólans var styrkt af Menningarráði Austurlands sem og Þróunarsjóði framhaldsskóla. Rannveig Þórhallsdóttir, safnstjóri og Björn Gísli Erlingsson héldu erindi um þessa merku vinnu á 8. málþingi Rannsóknarstofnunar KHÍ í Kennaraháskóla Íslands sem haldið var 15. og 16. október 2004. Málþingið nefndist *Takifari í fjölbreyttu samfélagi: Lýðir – jafnrétti – fjölmenning* og erindi þeirra var í lotunni „Náttúran, umhverfið og sagan“. Þrír nemendur komu í starfskynningu á safnið vorið 2004, einn nemandi héðan af Egilsstöðum og tveir frá Borgarfirði eystra.

BÓKAVAKA OG JÓLAGLEÐI

Bókavaka Safnahússins var haldin föstudaginn 3. desember í umsjá stofnanna Safnahússins. Lesið var upp úr ljóðabókunum *Fljótsdalsgrund* eftir Jörgen Kjerúlf, *Í ljós* eftir Hallgerði Gísladóttur og *Munum við báðar fljúga* eftir Stefáníu Gísladóttur. Vilhjálmur Hjálmarsson las úr bók sinni *Í bland með börnum/ Börnin skrifa*. Guðjón Sveinsson las úr *Njóla nátttröll byður í afmali* og Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir úr ævisögu sinni *Ruth Reginalds*. Einnig las Helgi Guðmundsson *Hvað er á bak við fjöllin?: Tryggvi Ólafsson listmálari segir frá*. Þá var lesið úr skáldverkunum *Karítas, án titils* eftir Kristínu Marju Baldursdóttur og *Klisjukennendum* eftir Birnu Önnu Björnsdóttur. Eins og áður var boðið upp á piparkökur og kaffi.



Íslenski jólasveinar í heimsókn.

Hin árlega jólagleði var föstudaginn 17. desember. Jólasögur voru sagðar í baðstofunni, kakó og lummur í boði og jólakortasýning var sett upp. Þar gat fólk skoðað jólakort frá ýmsum tímum og hafði gaman af. Rúmlega þrjátíu manns komu í gleðina og mæltist hún vel fyrir.

Safnahúsið tók þátt í *Jólakettinum* sem var samstarfsverkefni ýmissa fyrirtækja og stofnana á Héraði. Auk þess að vekja athygli á viðburðum í húsinu á adventunni var lítill leikur einnig settur af stað. Þátttakendur skrifuð nafn sitt á miða og var dregið úr þeim að jólum loknum. Vinningur var bókin *Ólöf Eskimói* e. Ingu Dóru Björnsdóttur. Þátttaka í *Jólakettinum* hefur verið árlegur viðburður síðustu ár.

LIFANDI SUMARSTARFSEMI

SUMAROPNUN

Sumaropnun var fyrir „á ferðinni” en vanalega og var fyrsta helgi sumarsins 22. og 23. maí. Opið var alla daga út ágústmánuð.

Minjagripasala safnsins var með álíka sniði og áður og átti Guðríður Valdimarsdóttir á Eskifirði stærstan hluta gripa sem voru í sölu þetta árið. Eftirgerð silfurhringanna frá Þórarinsstöðum á Seyðisfirði, frá Listiðjunni Eik - Miðhúsum hafa notið mikilla vinsælda. Bækur, rannsóknarskýrslur og smágripir voru einnig til sölu sem og íslenskar dúkkulísur sem Gréta Ósk Sigurðardóttir sérhannaði fyrir safnið. Tré- og beinagripir frá Braga Björnssyni í Fellabæ voru seldir í afgreiðslu og útskurður úr ýsubeinum Unnar Sveinsdóttur.

Kaffiafgreiðslan á safninu hefur verið í nokkurskonar biðstöðu frá upphafi, þar sem ófullnægjandi skilyrði leiða til bráðabirgðaleyfis til kaffisölu. Er enn sem fyrr vísað til aðildarsveitarfélaganna og ítrekuð ósk um að lokið verði við byggingu hússins.

ÞJÓÐHÁTTADAGAR

Þjóðháttagar Minjasafns Austurlands hafa skipað sér veglegan sess í menningarstarfi á Héraði. Þeir miða að því að varðveita og jafnvel bjarga frá glötun vitneskju og kunnáttu um fornt handverk og þjóðhætti Íslendinga. Dagskráin 2004 var einkar glæsileg og safninu til sóma. Þó olli dræm aðsókn vonbrigðum og ljóst er að endurskoða þyrfti hvernig að þessum mikilvæga þætti í starfi safnsins er sinnt. Þá má helst nefna hvort betur færi að hafa þjóðháttagana ekki yfir sumartímann þegar mikið af afþreyingu er í boði og svo er alltaf mikilvægt að vera vakandi fyrir góðum leiðum til markaðssetningar.

Unnur Sveinsdóttir bauð upp á sýnikennslu í útskurði á ýsubeinum 24. júní sem og 8. júlí. Sölvi Aðalbjarnarson setti upp eldsmiðu 10. júní og 15. júlí, Bauð hann gestum og gangandi að spreyta sig á henni. Farið var í gönguferð í Freysnes 1. júlí og leiðsagði Jón Ingi Sigurbjörnsson. Önnur ferð var farin þann 15. ágúst og leiðsagði þá Páll Pálsson fólk um söguslóðir Reykjarsels, Aðalbóls og Kárahnjúka.



Sölvi Aðalbjarnarson kennir eldsmíði í góðu veðri.



Jón Ingi Sigurbjörnsson sýnir Philip Vogler eitthvað athugasvert á Freysnesi.

Þau Hlynur og Edda á Miðhúsum sýndu hvernig tínur eru búnar til 22. júlí. Tínur eru box úr sveigðu birki sem skreyttar voru með saumi úr birkirót. Ríkey Kristjánsdóttir kynnti íslenskan útsaum 29. júlí og sett var upp heimareykhús 5. ágúst. Íslenska ullin var ekki útundan þetta sumarið frekar en áður og var sýnikennsla í jurtalitun 12. ágúst og almenn fræðsla um ullarvinnslu 19. ágúst. Að lokum átti að fara í lerkisveppatínslu þann 26. ágúst en við það var hætt vegna veðurs og var með því botninn sleginn í dagskrá þjóðhátadaga þetta árið.

NÁMSKEIÐSHALD

Árið 2003 var haldið námskeiðið *Lesið í skógin og tálgað í tré*. Leiðbeinandi var Guðmundur Bjarnason og þótti það takast mjög vel og áhugi var á að boðið yrði upp á framhaldsnámskeið. Dagana 10.-11. júlí var því auglýst námskeiðið *Húsgagnasmíði úr ferskum við*. Því miður fékkst ekki næg þátttaka á umrætt námskeið og féll það því niður.

17. JÚNÍ

Þjóðhátíðadagur Íslendinga var haldinn hátíðlegur á Minjasafni Austurlands eins og oft áður. Þær Gunnhildur Björnsdóttir, Ólöf Sölvadóttir og Petra Björnsdóttir sýndu gestum handtökin við ullarvinnslu, kembdu þær ullina og spunnu. Björn Sigurðsson í Sauðhaga óf bönd úr hrosshárum. Aðsókn var með ágætum og vakti dagskráin athygli og ánægju gesta.



Björn Sigurðsson vefur úr hrosshárum.



Gunnhildur, Ólöf og Petra sýna gestum hvernig unnið var með íslenska ull.



SÝNINGAR

Sett var upp í kjallara sýning um skólalag á Eiðum til heiðurs Þórarni Þórarínssyni, fyrirverandi skólastjóra. Hún var opnuð laugardaginn 5. júní en sama dag var dagskrá um

Þórarinn og kona hans í Valaskjálfi. Sýningin var samvinnuverkefni safna Safnahússins og ættingja Þórarins.

SAFNADAGURINN

Í ár var safnadagurinn haldinn 14. júlí. Vakin var athygli í auglýsingum á víkingakumli, baðstofunni frá Brekku, skrautsverði frá 17. öld, sýningunni „Mörk Heiðni og Kristni, íslenskum útsaumi, veiðivopnum og fornleifauppgreftrinum að Skriðuklaustri.

AUSTURLAND 2004

Mannlífs- og atvinnusýningin *Austurland 2004* var haldin í Valaskjálfi helgina 10.-13. júní. Þar komu saman fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök á Austurlandi og kynntu starfsemi sína. Minjasafnið ásamt Héraðsskjalasafni Austfirðinga og Bókasafni Héraðsbúa tóku þátt og voru sameiginlega með bás til kynningar. Unnur Sveinsdóttir sá um hönnun á útliti bássins og vann að uppsetningu hans ásamt starfsfólki Safnahússins. Í básnum var kynning á starfsemi safnanna. Sýningin öll tókst með eindæmum vel og var aðstandendum hennar til sóma.

ÞJÓÐAHÁTÍÐ AUSTFIRÐINGA 2004

Þann 12. september var Þjóðahátíð Austfirðinga haldin í þriðja sinn, að þessu sinni í Íþróttahúsinu á Egilsstöðum. Minjasafnið tók þátt og var með sinn bás. Mikill fjöldi gesta heimsótti básinn og gæddi sér m.a. á harðfiski, skyri, ostum og öðru íslensku góðgæti.



Rannveig Þórhallsdóttir, Björk Gunnlaugsdóttir og Anna Valgerður Hjaltadóttir uppáklæddar í íslenska búninga á Þjóðahátíð Austfirðinga.

ÝMIS STARFSEMI

KJARVALSHVAMMUR



Kjarvalshvammur að vetrarlagi.

Sumarhús Jóhannesar S. Kjarvals, Kjarvalshvammur, í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðapinghá er í umsjá Minjasafns Austurlands. Auk sumarhússins er þar bátaskýli og í því báturinn Gullmávurinn sem listamaðurinn sigldi á í sinni frægu ferð úr hvamminum til Borgarfjarðar eystri árið 1969.

FARSKÓLI SAFNAMANNA

Að þessu sinni var árlegur faraskóli Félags íslenskra safna og safnamanna (FÍSOS) haldinn í Reykjavík í boði Þjóðminjasafnsins. Lögð var áhersla á að kynna nýjungar í safnastarfi með sérstakri áherslu á breytingarferli það sem Þjóðminjasafnið hefur gengið í gegnum undanfarin ár. Að auki var farið í vettvangsferðir á helstu söfn á Stór-Reykjavíkursvæðinu að ógleymdri árhátið FÍSOS sem haldin var á Hótel Sögu.

Rannveig Þórhallsdóttir safnstjóri og Anna Valgerður Hjaltadóttir, safnvörður, sóttu faraskólann að þessu sinni og nutu góðs af. Rannveig hefur einnig sinnt starfi gjaldkera FÍSOS frá árinu 2002 og tók því að miklu leyti þátt í undirbúningi og framkvæmd faraskólans.

GEIRSSTAÐAKIRKJA

Árið 2004 rituðu 480 manns nafn sitt í gestabók Geirsstaðakirkju sem verður að teljast gott, sérstaklega þegar litið er til dræmrar aðsóknar á aðalsýningu Minjasafnsins þetta árið. Ábúendur á Litla – Bakka, hjónin Gunnar Guttormsson og Svandís Skúladóttir sinntu viðhaldi kirkjunnar og litu til með henni safninu að kostnaðarlausu eins og fyrri ár og verður þeim seint fullþakkað það starf.



Geirsstaðakirkja í desember 2004.

HEIMSÓKNIR

Á hverju ári sækir fjöldi fólks safnið heim. Tilgangurinn er margvíslegur: að skoða safnið, stunda rannsóknir á safngripum, fræðast um safnið eða kynnast landinu okkar.

Anya Mareike Norden var skiptinemi á Egilsstöðum og leysti Láru Guðlaugu af í tvær vikur um sumarið.

Í júní kom til okkar Þjóðverjinn Felix Reimann og var í vinnu frá 22. júní til 13. ágúst. Koma hans var í tengslum við Leonardo samstarf við þýska handverksfyrirtækið Dubener Hiede. Það tengir saman skógrækt, menningu, þýska arfleifð og listir.

Felix Reimann hannaði útlit, texta og skilti fyrir Geirsstaði auk þess sem hann sinnti ýmsum störfum í sambandi við fastasýninguna. Peter Kaiser hefur síðustu ár starfað með safninu sem tengiliður í ýmis konar Evrópuverkefnum og svo var raunin einnig að þessu sinni. Hann dvaldi hér á landi í rúmlega viku seinnipart júlímánaðar.



Felix Reimann, Anya Mareike Norden og Rannveig Þórhallsdóttir, safnstjóri.

ÞÓRISÁRKUMLIÐ

Eins og fram kom í ársskýrslu safnsins fyrir árið 2003 var ljóst að Þórisárkumlið var illa farið og þóldi því miður illa þá aðstöðu sem því hafði verið búið hér. Forverðirnir Halldóra Ásgeirsdóttir og Graham E. Langford komu í apríl til að forverja beinagrindina úr kumlinu. Hér á eftir kemur hluti úr skýrslu þeirra:



Skýrsla um forvörslu beinagrindarinnar úr Þórisárkumlinu

Beinagrindin hefur verið til sýnis í Minjasafni Austurlands frá árinu 1996. Síðastliðið ár var rætt um að beinin væru orðin mjög illa farin og voru þau í framhaldi af því skoðuð af forverði til þess að segja til um hvort nauðsynlegt væri að meðhöndla þau og þá hvernig (sjá meðfylgjandi skýrslu Helga Arnar Péturssonar).

Undirrituð fór ásamt Graham E. Langford forverði til Egilsstaða, dagana 26.-27. apríl 2004 til þess að forverja beinagrindina úr Þórisárkumlinu.

Þegar sýningarskápurinn var opnaður fannst sérkennileg lykt, líkast límlykt og gæti hún stafað af efnum sem notuð voru við skápasmiðina eða af sútunarefnum í hrosshárshúðinni.

Byrjað var á því að skoða beinagrindina nánar. Hún er öll illa sprungin og þurr. Hauskúpan afmynduð og í mörgum hlutum. Þess ber þó að geta að beinin voru illa varðveitt þegar þau fundust. Ákveðið var að styrkja beinin með því að nota 5% Paraloid B72 í 1:1 blöndu af etanóli/acetone.

Fyrst var þessi blanda prófuð á eitt bein – það látið þorna og árangur metinn. Var það álit okkar að ekki væri nauðsynlegt að nota 10% blöndu, m.a. vegna þess hve beinin gætu dökknað og yfirborð orðið gljáandi.

Beinin voru að undanskilinni höfuðkúpunni tekin úr sýningarskáp. Blandan var borin á með pensli og beinin látin þorna. Mold var ryksuguð af hrosshárshúðinni og beinin að lokum sett aftur á sinn stað. Meðferð skilaði árangri og voru beinin ekki jafn viðkvæm/brothætt og fyrir meðhöndlun.

Við efnisval í skápinn hefur ekki verið hugsað um hvernig efnin, sem notuð voru geta gefið frá sér óæskileg efnasambönd. Einnig getur enn orðið of heitt í skápnunum og of mikil birta.

Til þess að bæta aðstæður í sýningarskáp voru búin til sex loftgöt á hliðar skápsins.

Það er hins vegar ekki nóg og þarf að endurbæta/endurnýja sýningarskáp ef beinin eiga að vera áfram til sýnis. (Halldóra Ásgeirsdóttir, 29. júní 2004)

Ljóst var að kumlið var í raun ekki lengur sýningarhæft og myndi það ekki vera forsvaranlegt mikið lengur að hafa það til sýnis við þær aðstæður sem safnið hefur upp á að bjóða.

SAMSTARF SAFNA Á AUSTURLANDI

Barnabókin *Karl í Koti* fékk árið 2003 styrk frá Menningarráði Austurlands og var hann veittur til Minjasafnsins sem og Tækniminjasafns Austurlands á Seyðisfirði. Var hann notaður til að vinna myndefni fyrir hana. Textagerð er enn að mestu eftir en á árinu 2004 fékkst ekki nægt fjármagn til að halda því starfi áfram. Þrátt fyrir það áttu forstöðumenn safnanna vinnufundi á árinu og var samstarf þeirra hið besta.

Samstarf við Gunnarsstofnun hélt áfram og ber þar hæst uppgröfturinn að Skriðuklaustri sem frekar er greint frá annars staðar í skýrslunni.

MIÐLUN

Starfsemi safnsins er miðlað til almennings í gegnum ársskýrslur, fréttatilkynningar til blaða og sendingum á tölvupóstlista. Einnig eru upplýsingar, fundargerðir, ársskýrslur og fréttir að finna á heimasíðu safnsins; www.minjasafn.is. Ritsmíðar í blöð getur einnig verið góð leið til að kynna starfsemi safnsins. Safnstjóri hefur jafnan í gegnum árin sent greinar um merka muni og ýmsa starfsemi safnsins í Múlaþing og Gletting, sem eru bæði rit er tengjast sagnfræði, menningu og náttúrufræði á Austurlandi.

FORNLEIFAUPPGRÖFTUR Í FLÓRENS

Eftir Rannveigu Þórhallsdóttur

Rannveig Þórhallsdóttir, safnstjóri og Jón Ingi Sigurbjörnsson, framhaldsskólakennari, fóru til Ítalíu á árinu sem fornleifafræðinemar. Þau fengu styrk úr Leonardo sjóði Evrópusambandsins til að fara í tvær vikur til Flórens og kynna sér fornleifauppgröft og forvörsluskilyrði. Verkefni var nefnt P.RE.C.I.F, eða *Preserving Conditions in Florence*. Gestgjafar Jóns Inga og Rannveigar voru stofnanirnar Soprintendenza ai Beni Archeologici per la Toscana in Florence og S.A.C.I, Società Archaeologica del Centro Italia, S.R.L. Giuseppe Venturini, forvörður við forngripasafnið í Flórens, leiðbeindi á forvörsluviði og Stefano Paci, fornleifafræðingur og fornvistfræðingur leiðbeindi í fornleifauppgræftri í Flórens. Ferðalangarnir heimsóttu söfn og lærðu nýja uppgraftrartækni, sem var ólík því sem þau höfðu kynnst á Íslandi. Dr. Steinunn Kristjánsdóttir átti heiðurinn af því að koma á tengslum við ítölsku sérfræðingana, en bæði Stephano og Giuseppe höfðu unnið með Steinunni við fornleifauppgræfti á Íslandi sem hún stýrði.

Vopnuð múrskeld og haka.



Uppgraftrarsvæðið í Canzano.

Þann 15. mars voru ferðalangarnir komnir til Flórens og hófst verkefnið á uppgræfti í Calenzano í Flórens undir stjórn Stefano Paci. Eins og sést á myndinni hér að ofan var uppgröfturinn á miðri umferðareyju, enda er það ekki ofsögum sagt að á Ítalíu séu fornminjar allstaðar. Byggingarstig á uppgraftrarsvæðinu voru tvö: í miðju svæðisins var rómversk veggjarhleðsla sem var líklega af sveitarbæ og í vinstra horni uppgraftarins var að finna etruskar leifar frá 5-2. öld f. Kr. Í etruska hlutanum fundum við brot af skálum, kerjum og ýmiskonar keramik. Í kringum rómverska vegginn fundum við amfóru, leifar af byggingu og rómverskan dýralás.

Uppgraftrataeknin á svæðinu var talsvert ólík því sem Íslendingarnir þekktu. Þar sem jarðvegurinn er harðari en íslenskur var notaður haki til að losa hann og var ekki laust við að það færi um Jón Inga og Rannveigu að þurfa að höggva ofan í jarðveginn án þess að

vita hvort undir væru merkar minjar, en undir stjórn fornleifafræðinganna hafðist þetta verk án áfalla, enda töldu fornleifafræðingarnir sig vita hve djúpt minjarnar væru og hvar væri óhætt að „höggva“. Var athyglisvert að reyna sig við uppgröft í framandi aðstæðum sem þessum.




Jón Ingi fylgist með Stefano losa jarðveginn.



Hluti af þaki rómversku byggingarinnar ásamt keramikbroti.

Í grafhvelfingu Etrúra

Giuseppe Venturini sá um forvörsluhluta verkefnisins. Hann er þekktur forvörður í Ítalíu og hefur fengið mörg vandasöm verkefni á sviði forvörslu. Eitt þeirra var að forverja „tombu“, eða grafhvelfingu í Chiusi í Toscana héraði frá tímum Etrúra. Rannveigu og Jóni Inga hlotnaðist sá heiður að vinna með Giuseppe í verkefninu og koma inn í grafhvelfinguna sem var nefnd „La tomba del mono rosso“ eða grafhvelfing rauða dímmonsins. Afar fáum hafði verið hleypt inn í grafhvelfinguna, enda var hún mjög viðkvæm fyrir áreiti og frágangur þannig að sólarljós var takmarkað og hita- og rakaskilyrði voru sem best. Ekki var leyft að taka ljósmyndir í hvelfingunni, en hér má sjá myndir sem birtust í marshefti árið 2004 í ítalska fornleifafræðitímaritinu *Archeo*.



Það var stórfenglegt að fá að líta myndskreytingarnar á veggjum grafhvelfingarinnar og ótrúlegt til þess að hugsa að þau hafi verið máluð á 5-2. öld f. Kr. Í myndskreytingunum mátti sjá áður óþekktar táknmyndir, svo sem bláan dímon sem stýrði hestvagni hinna dauðu. Verkefni tvímenninganna var líma saman steinlíkkistu frá tímum Etrúra. Torveldara reyndist að finna brot en sýndist og eftir hálfan dag við mátun á brotum fannst aðeins eitt sem reyndist passa. Eftir vinnu í grafhvelfingunni sýndi Giuseppe Íslendingunum forngripasafnið í Chiusi, en þar var margt athyglisvert á að líta. Safnið geymdi fjöldann allan af merkilegum minjum frá tímum Etrúra, frá keramikskálum nefndum „bucchero” til skúlptúra af sphnyfxum og margvíslegra kera sem notaðar voru til að geyma hinstu ösku Etrúra. Giuseppe sýndi Rannveigu og Jóni Inga vinnustofa sína sem var við Fornleifasafnið í Chiusi og gaf þeim færi á að starfa þar við forvörslu undir náinni leiðsögn forvarða. Unnið var við að líma saman annarsvegar gamla amfóru frá rómverskri tíð og hinsvegar að hreinsa upp rómverska mynt. Athyglisvert var að sjá bæði starfsaðstæður og tækni ítalskra forvarða og erfitt að gera sér í hugarlund þann fjölda af fornmunum sem þeir þurftu að raða í forgangsörð eftir aldri og verðmæti.



Giuseppe limir saman brotin



Keramikbrot í geymslun forvarðanna

Frá sjónarmiði safnstjórans vakti það athygli Rannveigar að geymslur safnsins voru jafnfullar og geymslurnar sem hún þekkti á Íslandi. Þó voru það ekki rokkar, kistlar og saumavélar sem fylltu hillurnar á ítalska safninu, heldur ker undir jarðneska ösku sem höfðu verið fjöldaframleidd á tímum Rómverja, auk fjölda kassa með keramikbrotum. Giuseppe fór enn fremur með tvímenningana í safn í Cetona sem sýndi minjar frá bronsöld af fjallinu Cetona. Á safninu voru gripir og bein frá bronsöld en safnið varðveitti einnig hella sem Neanderdalsmenn héldust við í á bronsöld (2. öld f. Kr.).

Egyptskufræðingurinn Del Francia og fleira

Sérstaklega eftirminnileg voru kynni Rannveigar og Jóns Inga við prófessor Hr. Roberto Del Francia í Flórens. Hann er prófessor í egyptsku lettri og hefur starfað sem prófessor við egyptska safnið í Flórens heilan starfsaldur. Prófessor Del Francia er sérlega áhugaverður maður og túlkaði hýróglífur með lifandi frásagnargleði er hann leiðsagði Íslendingunum um egyptska safnið í Flórens. Hann sýndi Íslendingunum enn fremur fornleifauppgroft á nunnuklaustri í Flórens, nánar tiltekið Santa Bologna nunnuklaustrið sem var af St. Benediktsreglu og stofnað árið 1339.



F.v. Del Francia, Jón Ingi og Giuseppe.

Athyglisvert var einnig að hitta fyrir Dr. Elsu Pacciani sem vann á beinarannsóknarstofu í Flórens og fá fyrirlestur hjá henni um beinagreiningu. Lýsti hún fyrir íslensku gestunum hvernig hún greindi sjúkdóma eða slys á beinum frá fyrri öldum.

Tvímennigarnir hittu í lok dvalarinnar fyrir Dir. Rastrelli, yfirmann Stephanos, sem hafði gert okkur kleift að leggja í Ítalíuferðina með undirskrift sinni á pappíra til Leonardo sjóðsins. Var honum þakkað framlag sitt, sem og Giuseppe og Stefanos, sem höfðu lagt á sig mikla vinnu við að gera dvöl Íslendingana sem minnisverðasta.


FORNLEIFARANNSÓKN

Eftir Steinunni Kristjánsdóttur

Uppgröftur hefur staðið yfir á Skriðuklaustri í Fljótsdal síðan sumarið 2002. Að rannsókninni standa Gunnarsstofnun, Þjóðminjasafn Íslands og Minjasafn Austurlands en stofnanir þessar stofnuðu með sér félagið Skriðuklaustursrannsóknir sem heldur utan um rekstur hennar. Eiga fulltrúar frá hverri stofnun fyrir sig sæti í stjórn félagsins, auk Biskupsstofu. Grunnfjármagn til rannsóknarinnar kemur úr Kristnihátíðarsjóði en hún er einnig rekin fyrir fjárframlög úr ýmsum erlendum og innlendum sjóðum.

Uppgröftur sumarið 2004 hófst þann 21. júní og stóð í tvo mánuði samfleytt. Starfsmenn uppgraftrarins voru nítján, auk fjölmargra sérfræðinga, sem enn vinna sumir að greiningum af ýmsu tagi, og verkefnisstjóra Steinunni Kristjánsdóttur sem stýrði uppgreftri. Við uppgröftinn var áhersla lögð á áframhaldandi rannsókn á klausturhúsunum, klausturkirkju og kirkjugarði. Grafnar voru upp 19 beinagrindur og tæplega 2000 gripir sem allir voru forvarðir á staðnum. Unnið var að ýmsum sérverkefnum, s.s. rannsókn á handritagerð og ritun í klaustrinu, auk þess sem ummerki garðræktar var skoðuð m.a. með frjókornagreiningu. Einnig var gerð yfirlitsgreining á mannabeinunum. Öll þessi sérverkefni skiludu miklum árangri og hafa varpað nýju ljósi á starfsemi og hlutverk Skriðuklausturs í hinu íslensku miðaldasamfélagi.

Eftir þriggja ára rannsókn á rústum Skriðuklausturs eru híbýli þess mjög að skýrast, auk þess sem greiningar af ýmsu tagi hafa varpað nýju ljósi á fjölbætt hlutverk þess í samfélagi kaþólskra á síðmiðöldum. Ljóst er að bygging Skriðuklausturs bar svipmót annarra klausturbygginga í Evrópu en hún samanstóð af þyrpingu vistarvera, kapellu og veglegri kirkju sem byggð voru við skýrt afmarkaðan klausturgarð. Hlutverk Skriðuklausturs virðist einnig hafa verið sambærilegt við það sem var í öðrum kaþólskum klaustum erlendis. Greina má af fornleifunum að í vistarverum Skriðuklausturs fór fram bókfellsgerð, auk ritunar bóka og skjala, líkt og tíðkaðist í öðrum samtíða klaustum í Evrópu. Þar var og matast, sofð og unnið við hannyrdir.




Teikning af rannsóknarsvæðinu á Skriðu eftir uppgröft sumarið 2004.

Í klausturgarðinum á Skriðu fór jafnframt fram ræktun mat- og lækningajurta en garðyrkja var iðulega mikil og fjölbreytt í öðrum evrópskum klaustum. Þar var jarðað en af þeim beinagrindum sem þar hafa grafnar fram má ráða að í Skriðuklaustri hafi verið rekið hospital, enda var líkn sjúkra og fátækra eitt helsta hlutverk kaþólskrar kirkju í evrópskum samfélögum. Kapellan hefur verið nýtt til daglegs bænahalds og tíðagjörða reglubræðra en klausturkirkjan sjálf notuð fyrir almennar guðspjónustur.


Útlit kaþólskra klaustra í Evrópu allri mótaðist að líkindum fyrst og fremst af hlutverkum þeirra og verkefnum en þau voru innhverf bænasetur og lokuð frá hinum veraldlega umheimi þrátt fyrir jarðneska tilvist þeirra sem þar höfðust við.

GESTAFJÖLDI

Gestafjöldi á árinu 2004 voru mikil vonbrigði en fækkun frá fyrra ári nam allt að 64%. Aðeins 1350 gestir voru taldir. Þetta er atriði sem þarf að gera gangskör í að breyta.



Af heildar gestafjölda teljast 520 Íslendingar (38%), 84 börn ein eða í fylgd með fullorðnum (6%), 304 gestir með skólahópum (23%), og 442 erlendir gestir (334%). Fjöldi erlendra gesta stendur nær í stað sem og börn. Skólahópar og börn voru þeir hópar sem fækkaði í mest.



STJÓRNARSTÖRF

Í stjórn safnsins á árinu 2004 sátu Þórey Hannesdóttir (Austur Héraði??) formaður, Kristjana Björnsdóttir (Borgarfirði eystra) varaformaður, Ásmundur Þórarinnsson (Norður Héraði) ritari, ásamt Írisi Lind Sævarsdóttur (Austur-Héraði) og Hákonu Aðalsteinssyni (Fljótsdalshreppi) meðstjórnendum. Varamenn voru Þorsteinn Gústafsson (Fellahreppi), Björn Aðalsteinsson (Borgarfirði eystra), Ingifinna Jónsdóttir (Norður Héraði), Emil Björnsson (Austur-Héraði) og Gunnar Jónsson (Fljótsdal).

Haldnir voru fimm stjórnarfundir á árinu. Helstu umfjöllunarefni á stjórnarfundum ársins voru fjárhagssáttun safnsins, ársskýrslur og aukafjárveiting vegna kaupa á nýjum og fullkomnum sýningarskápum. Einnig var rætt um ráðningu safnstjóra til eins árs meðan Rannveig Þórhallsdóttir, starfandi safnstjóri væri í fæðingarorlofi. Í lok árs var gengið frá ráðningu Elfu Hlínar Pétursdóttur í það starf frá 1. janúar 2005.

SAFNAUKI

Nýskráningar á árinu voru 113 en ekkert af því var sett í tölvutækt form þar sem unnið er að færslu munaskrárinnar yfir í menningarlega gagnagrunninn *Sarp*. Engin nýskráning á munum er færð í tölvu fyrr en þeirri vinnu er lokið.

Ómetanlegur er sá þáttur almennings að færa safninu muni til varðveislu og verður seint fullþakkaður. Eftirtaldir aðilar færðu safninu góðar gjafir til varðveislu á árinu:

Agnes Helgadóttir – búrskápur, lok, svipa, hakkavél, strokkar og sög.

Agnes Svanbergisdóttir – rafmagnshella.

Anna Hjaltadóttir – snapsaglös og gsm sími.

Austur-Hérað – kúabrynnari, fötur, skótau, efni til skógerðar og sýningarprufa af útihurð.

Ásta Svandís Jónsdóttir – jakki, staukar, reiknivél og persónulegir munir.

Bjarghildur Sigurðardóttir – skatthol, hengilampi, leirpottur, vigt, þvottabretti og borð.

Björk Gunnlaugsdóttir – jólaplattar.

Emil Björnsson – tölva.

Emil Vilhjálmsson – ljósmóðurtaska, peysufatapils, straujárn og bökunarjárn.

Gissur Arnason og Stefanía Steinþórsdóttir – skíði, skíðaskór, ölkassi, ermabönd, fatalitur, fatakrít og dúkur.

Guðmundur Björnsson - trésmíðaverkfæri.

Hálfðán Helgason – borðbúnaður, búsaðhöld og persónulegir munir.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga – ferðatöskur, hallamál og straujárn.

Hjálmar Jónsson – bolur og spjaldskrá.

Jónas Andrésson Kjerúlf – gönguskíði.

Kristín N. Beck – servíuettuhringir og kubbakassi.

Kristján Gissurarson – garðsláttuvél.

Kristrún Jónsdóttir – myndaalbúm, biblíumyndabók og skíðalyftuhaldari.

Kvenfélag Valla og Skóga – súkkulaðikanna og bollar.

Nanna Sigurðardóttir – skautbúningur.

Sigríður Björnsdóttir – rjómakanna og undirskál.

Sigurlaug Björnsdóttir – dúkar, skólaspjöld og bækur.

Sr. Jóhanna Sigmarsdóttir – hempur og rykkilín frá Vallakirkju.

Stefán Guðmundsson – munir tengdir skátafélaginu „Ásbúar”.

Stefán Jónsson – strokkur.

Stefán Þórarinsson – skjalataska.

Sölvi Aðalbjarnarson og Sigurborg Sigurbjörnsdóttir – skíði, prentari, strauvél og þrjónavél.

INNLÁN – ÚTLÁN

Handverkssýning var haldin að Brúarási á haustmánuðum 2004 og var í því tilefni talsvert af munum lánað þangað, aðallega húsgögn. Menntaskólinn á Egilsstöðum fékk lánaða muni tengda ullarvinnslu og fleira í apríl. Söðull og sessa voru lánuð Jóni Loftssyni vegna brúðkaups sonar hans. Leikfélag Fljótsdalshéraðs fékk lánað vaskafat, stóla og skrifborð fyrir uppsetningu þess á söngleiknum *Bugsy Malone*. Að lokum fékk Ríkey Kristjánsdóttir lánað jólatré og fleira fyrir jólaskreytingu í búðarglugga Draumhúss á Seyðisfirði á aðventunni.

STYRKIR

Auk framlaga sveitarfélaganna á árinu fengust nokkrir styrkir:

≈ Vinnumálastofnun – 133.120 kr. sem var hluti af launum Birgis Björgvinssonar.

- ≈ Hjörleifur Guttormsson – 500.000 kr. til forvörslu muna úr dánarbúi Guttorms Pálssonar.
- ≈ Afkomendur Þórarins Þórarinssonar – 150.000 kr. vegna sýningar honum til heiðurs.
- ≈ Safnasjóður – Annars vegar 1.500.000 kr. í rekstrarstyrk og einnig 200.000 kr. í verkefnastyrk vegna yfirfærslu munaskrárinnar yfir í Sarp.
- ≈ Fornleifasjóður – 150.000 kr. vegna viðgerðar á Þórisárkumlinu.
- ≈ Leonardo – greiddar voru 124.740 kr á árinu vegna ferðar Rannveigar og Jóns Inga til Ítalíu. Á árinu 2005 var lokagreiðsla styrksins greidd, kr. 107.989. Heildarupphæð styrksins var því 232.689 kr.
- ≈ Þróunarsjóður framhaldsskóla – 300.000 kr. í samstarfsverkefni Minjasafnsins og Me, *Saga Austurlands*.
- ≈ Menningarráð Austurlands – 100.000 kr. einnig í *Sögu Austurlands*. Styrkurinn var að vísu ekki greiddur fyrr en á árinu 2005.

Alls námu styrkir fyrir árið 2004 því 3.115.809 kr. sem verður að teljast nokkuð gott. Mikill tími og vinna fer ævinlega í að sækja um styrki og aðeins lítill hluti hennar skilar sér en nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir mikilvægi þessarar vinnu.

LOKAORÐ

Á tíunda starfsári Minjasafns Austurlands í Safnahúsinu á Egilsstöðum er eðlilegt að líta um öxl og rifja upp það sem áunnist hefur auk þess sem betur mætti fara. Í raun er það efni í aðra skýrslu sem þarft væri að vinna. Hér verður aðeins stiklað á stóru.

Fastasýningin sem sett var upp á sínum tíma hefur tekið þónokkrum breytingum og er nú svo komið að þörf er á að endurnýja hana algerlega frá grunni. Ýmsar minni sýningar og uppákomur hafa vakið mikla athygli almennings, má þar nefna Vesturfarasýningu Menntaskólanema, sýning á munum frá Þórarinsstöðum, klausturslíf og fleira. Einnig eru ýmsar uppákomur í Safnahúsinu orðinn fastur liður í menningarlífi íbúa svæðisins. Má þar nefna bókavöku, jólagleði og þjóðháttadaga. Fornleifafræðingurinn dr. Steinunn Kristjánsdóttir, fyrrum safnstjóri, hefur stýrt fjölda fornleifauppgrefta á Austurlandi síðustu ár og hefur Minjasafnið oft verið þátttakandi í þeim ef ekki beinlínis staðið að uppgrefti. Sú vinna hefur vakið mikla athygli og markað að vissu leyti sérstöðu safnsins á landsvísu.

En betur má ef duga skal og lýsa aðsóknartölur safnsins síðustu ár því vel. Sveitarfélögin sem standa að safninu hafa síðustu ár aukið framlög sín nokkuð. En skyldur safna víkka og aukast einnig jafnt og þétt. Eins og áður segir er ný fastasýning aðkallandi. Jafnt og þétt þarf að safna munum, skrá þá og forverja. Mun meiri vinna fer í meðhöndlun hvers munar en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Uppbygging safnfræðslu er annað verkefni sem spennandi væri að takast á við skipulega á næstu árum. Ekki væri vanþörf á að fjölga starfsfólki og vonandi verður það raunin hið fyrsta.

Að lokum skal minnst á að einungis er lokið lítils hluta byggingu Safnahússins og væri það sveitarfélögunum sem að því standa til mikils sóma ef hafist væri handa við byggingu næsta áfanga.